

HÚSÖNDIN

51.tbl. 2.árg.
20.feb.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 21. FEBRÚAR-27. FEBRÚAR

- 21.2 *Karl Sigbór Þorsteinsson,
Edda Hrund Guðmunds. Skagfield*
24.2 *Lovísa Leifsdóttir*
25.2 *Ásta Pórey Lárusdóttir*
26.2 *Sigurjón Bessi Brynjarsson*
27.2 *Steindór Jónsson, Ingigerður Arnljótsdóttir,
Einar Bjarki Leifsson*



Áskær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi
Rögnvaldur Egill Sigurðsson
lést mánudaginn 18. febrúar að Lögmannshlið
jarðarför auglýst síðar

Jóhanna Rögnvaldsdóttir
Gústaf Johannsson
Sigurður Rögnvaldsson
Elín E. Magnúsdóttir

Sigurlaug Rögnvaldsdóttir
Sigurður Pálsson
Aglá Rögnvaldsdóttir
Karl Emil Sveinsson
og fjölskyldur

Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps auglýsir eftir sumarstarfsmanni 2019



Starfið felur í sér þrif, afgreiðslustörf og annað sem til fellur. Reynsla af afgreiðslustörfum og þrifum er kostur. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningum Framsýnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Karlar jafnt sem konur sem eru búin að ná 18 ára aldrí eru hvött til að sækja um starfið.

Fyrirspurnir og umsóknir skal senda á hreppsskrifstofu eða Ástu Price á netfangið ims@skutustadahreppur.is

Sundferð á Laugar freastast um viku



Þar sem sundlaugin á Laugum er lokað um næstu helgi vegna Tónkvíslar freastast rútuferðin í sundlaugina um eina viku og verður því farin laugardaginn 2. mars n.k.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 13.30 laugardaginn 2. mars n.k.

Ókeypis er í rótuna.

Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudagi fyrir ferðina, á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu.

Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rótuna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.



Rauði krossinn Þingeyjarsýslu

Aðalfundur Rauða krossins í Þingeyjarsýslu verður haldinn í félagsheimilinu Hnitbjörgum, Aðalbraut 27, Raufarhöfn, klukkan 13 laugardaginn 9. mars 2019.

Rauða kross félagar eru hvattir til að mæta á fundinn og einnig eru nýir félagar velkomnir.

Dagskrá:

- a. Kosning fundarstjóra.
- b. Skýrsla/greinargerð um starf deildarinnar.
- c. Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
- d. Framkvæmda- og fjárhagsáætlun lögð fram.
- e. Innsendar tillögur.
- f. Kosning deildarstjórnar skv. 21. gr.
- g. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
- h. Önnur mál.

Stjórn Rauða krossins í Þingeyjarsýslu

Lauflétt áminning !!!!!

Vorfagnaður Karlakórsins Hreims verður að Ýdöllum þann 27.apríl.

Gesturinn þetta árið er hið stórmagnaða Heilsutríó frá Húsavík.

Glaumur, gleði , grín og glens.

Nánar auglýst síðar.



Karlakórinn Hreimur



Stuðningsfulltrúi óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta

Um er að ræða 100% stöðu. Umsóknarfrestur er til 4. mars.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skylirði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar starfsmann í 100% stöðu strax. Menntun æskileg en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 33 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karella leikskólakerfinu svo eithvað sé nefnt. Mikil uppygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið ingibjorg@skutustadahreppur.is eða leggja inn starfsumsókn á heimasíðu leikskólans: ylur.leikskolinn.is undir flipanum upplýsingar.

TÓNKVÍSLIN 2019



Gestur kvöldsins er Sturla Atlas



N4

I BEINNI ÚTSENDINGU
Á N4 SJÓNVARP

Kostar 2500 kr inn · Miðar fást á midi.is og á staðnum · Húsið opnar 18:30

STYRKTARABILAR



SPARISJÓÐURINN
Síður-Þengjarsýslu



ETON



Túnþókusalan
Nesbraeour ehf.

NORDIENSKA



Safarihestar



Landeigendur
Reykjahlöðar ehf.



Námskeið í gerð villibráðapate í Matarskemmunni

Priðjudaginn **26. febrúar** á milli klukkan **18 og 22** verður námskeið í gerð villibráðapate í Matarskemmunni á Laugum.

Á námskeiðinu fá þáttakendur að útbúa innbakað villibráðapate með hlaupi og villibráðapate bakað í krukku.

- Uppskriftir og hráefni á staðnum.
- Hámarksfjöldi þáttakenda er átta manns og námskeiðsverð er kr. 5.000,- (hráefni innifalið)

Leiðbeinandi verður Gyða Everts Þóttir.

Skráningarfrestur er til **mánudagsins 25.02.**

Nánari upplýsingar og skráningar er í síma 894 5405 eða gydaeve@gmail.com.

Matarskemman á Laugum

Uppfærðar viðmiðunarreglur um snjómokstur



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur uppfært viðmiðunarreglur um snjómokstur í Mývatnssveit. Reglurnar má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Hafa ber í huga að þessar reglur eru settar til viðmiðunar og ber að líta á þær sem slíkar. Getur tíðarfari og snjóþyngsli raskað áformum um mokstur. Hvorki Vegagerðin né Skútustaðahreppur bera ábyrgð á tjóni sem kann að verða, takist ekki að framfylgja viðmiðunarreglunum.

Skútustaðahreppur



ALZHEIMER SAMTÖKIN

FRÆÐSLUFUNDUR Í MÝVATNSSVEIT

FÖSTUDAGINN 1. MARS
KL.15:00 - 16:30

í Seli

Opinn fræðslufundur um heilabilunarsjúkdóma.

Sirrý Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi og fræðslustjóri Alzheimersamtakanna kynnir starfsemi samtakanna og fjallar meðal annars um aðstandendahlutverkið.

Fundurinn er öllum opinn. Heitt á könnunni.

Aðgangur ókeypis. Allir velkomnir.

Nánari upplýsingar: www.alzheimer.is & alzheimer@alzheimer.is

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Blaðið kemur út á miðvikudögum. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl 14:00 á þriðjudögum.

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Þið getið haft samband við mig í síma 849-2804

eða með tölvupósti husondin@gmail.com.



Brúðkaup!

á Breiðumýri
Gaman-drama með tónlist og tilheyrandi

Höfundur: Guðmundur Ólafsson - Leikstjóri: Vala Fannell –
Tónlistarstjóri: Jaan Alavere

Enn sem fyrr er glaumur og gleði á Breiðumýri – næstu sýningar eru sem hér segir:

5. sýning - fimmtudagur 21. febrúar kl. 20:30
6. sýning – sunnudagur 24. febrúar kl. 16:00 – uppselt
7. sýning – fimmtudagur 28. febrúar kl. 20:30
8. sýning – sunnudagur 3. mars kl. 20:30
9. sýning – miðvikudagur 6. mars kl. 20:30 – örfáir miðar lausir
10. sýning – föstudagur 8. mars kl. 20:30
11. sýning – laugardagur 9. mars kl. 16:00 – nokkrir miðar lausir

Miðaverð:

Fullorðnir kr. 3000.-

Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-

Eldri borgarar og öryrkjar kr. 2700,-

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fáafsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrétt á kr. 3900.-

Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

Miðapantanir eru í síma 618-3945 eða á leikdeild@leikdeild.is

Fræðslufulltrúi

Vatnajökulsþjóðgarðs



Laust er til umsóknar starf fræðslufulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs. Um er að ræða nýtt starf til að fylgja eftir fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og uppbryggingarstarfi við miðlun upplýsinga. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra þjóðgarðsins en því skal sinna frá einhverri af meginstarfsstöðum þjóðgarðsins á landsbyggðinni; í Ásbyrgi, Mývatnssveit, á Skriðuklaustri/Fellabæ, Höfn í Hornafirði, Skaftafelli eða Kirkjubæjklaustri.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Þróa og framfylgja fræðsluáætlun þjóðgarðsins í samvinnu við þjóðgarðsverði/starfsfólk
- Umsjón með fræðslu fyrir gesti þjóðgarðsins og rekstraraðila í þjóðgarðinum
- Umsjón með skiltagerð og merkingum
- Umsjón með og samræmingu á útgáfu á vegum þjóðgarðsins
- Umsjón með vefsísvæði og samfélagsmiðlum þjóðgarðsins
- Í starfinu felast m.a. ferðalög milli svæða þjóðgarðsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikrör

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogaþæfni og frumkvæði til að hvetja aðra til árangurs
- Þekking og reynsla á starfsemi þjóðgarða, náttúruvernd og ferðamálum
- Reynsla af landvörfslu, umhverfis- og náttúrutílkun eða grenndarkennslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Nákvæmni, faglegur metnaður og skipulagsfærni
- Reynsla og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Tölvufærni og geta til að vinna eftir verkferlum
- Þekking á og reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2019. Sótt er um starfið á Starfatorgi og skal umsóknum fylgja ítarlegt yfirlit um menntun og starfsferil. Hvetjum jafnt konur sem karla að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2019

Umsóknareyðiblöð vegna starfsins eru á Starfatorgi

Nánari upplýsingar veitir

Ingibjörg Smáradóttir – ingibjorg@vjp.is – s 575 8403



Umsagnir óskast um endurskoðaða Lýðheilsustefnu Skútustaðahrepps

Sveitarstjórn hefur samþykkt að tillögu velferðar- og menningar-málanefndar að endurskoðuð lýðheilsustefna fyrir sveitarfélagið Skútustaðahrepp fari til umsagnar íbúa Skútustaðahrepps áður en hún verður tekinn til endanlegrar afgreiðslu. Þessi uppfærða útgáfa af lýðheilsustefnu var unnin af stýrihóp um Heilsueflandi samfélag. Hún byggir á stefnu eldri stýrihóps frá 2015.

Yfirmarkmið lýðheilsustefnunnar er að Skútustaðahreppur verði heilbrigðasta og hamingjusamasta sveitarfélag landsins 2030 og að Skútustaðahreppur sé sveitarfélag sem hefur fjölskylduna í fyrirrúmi.

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um Lýðheilsustefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið thorsteinn@skutustaðahreppur.is í síðasta lagi fimmtudaginn 28. febrúar n.k.

Lýðheilsustefnuna er hægt að finna á heimasíðu Skútustaðahrepps. Einnig er hægt að biðja um að fá hana senda í tölvupósti.

Skútustaðahreppur





Kiwanisklúbburinn Herðubreið

verður með konudagsblóm til sölu

föstudaginn 22.febrúar og laugardaginn 23.febrúar
í Kjörbúðinni, Reykjavík.

Einnig verða konudagsblóm til sölu í Jarðböðunum
föstudag, laugardag og sunnudag.

Munið eftir konudeginum,
Kiwanisklúbburinn Herðubreið

DANSNÁMSKEIÐ

Hvenær: Föstudaginn 22.febrúar

Hvar: Skjólbrekka

Kennari: Anna Breiðfjörð

Verð: 5000kr. á mann

Byrjendur kl.20-22

Vanir dansarar kl.21-23

Ekki er nauðsynlegt að mæta með dansfélaga -allir með!

Skráning í síma 464 5130 (Ditta) eða 464 5100

og á netfangið **ditta@hac.is**

**Skráning fyrir kl.18
fimmtudaginn
21.febrúar**

Athugið að verkalýðsfélög endurgreiða oft hluta námskeiðsgjalds,
athugaðu málið hjá þínu félagi.



Skipagötu 16, 2. hæð
S: 464 9955
byggd.is

Birkihraun 9

Opið hús fimmtdaginn 21.2. kl. 16-17

Tilboð óskast í fasteignina Birkihraun 9 í Mývatnssveit, sem er 145,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum.
Eignin er skemmd eftir vatnstjón.

Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum

Frekari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson löggiltur fasteignasali á Fasteignasölunni BYGGÐ á Akureyri s. 464-9955 eða í tölvupósti bjorn@byggd.is

